

Reykjavík 31. mars 2018

Fulltrúar námsmanna í stjórn LÍN lýsa yfir vonbrigðum með úthlutunarreglur LÍN 2018-2019 en þeir telja að í þeim birtist, viljaleysi mennta- og menningarmálaráðherra sem og meirihluta stjórnar LÍN til að koma til móts við námsmenn svo um munar, þótt vissulega eitthvað hafi færst í rétta átt. Námsmenn hafa undanfarin ár setið á hakanum og ekki hlotið þær kjarabætur sem aðrir hópar hafa fengið. Fulltrúar námsmanna í stjórn LÍN vonuðust eftir að staða námsmanna yrði nú loks bætt en þeir virðast þurfa bíða enn um sinn eftir almennilegum kjarabótum.

Úthlutunarreglur LÍN ákvarða kjör stúdenta sem taka námslán hjá Lánasjóðnum ár hvert. Stjórn LÍN endurskoðar úthlutunarreglur fyrir næsta skólaár og mennta- og menningarmálaráðherra staðfestir þær fyrir 1. apríl sé hann samþykkur þeim. Að mati undirritaðra er ekki nóg að gert fyrir námsmenn í nýsamþykktum úthlutunarreglunum fyrir skólaárið 2018-2019. Almenn frítekjumark LÍN breytist ekkert milli ára og ekki verður heldur gerð breyting á frítekjumarki þeirra sem koma úr námshléi. Almenna frítekjumarkið er enn 930.000 kr. fyrir skatt og ef árstekjur námsmanna eru hærri skerðist lánið sem nemur 45% af umframtekjum. Frítekjumarkið var síðast hækkað árið 2014, en laun í landinu hafa hækkað um 32% frá því ári skv. launavísitölu Hagstofunnar. Þá er frítekjumark öryrkja rúm 1.300.000 kr og höfðu fulltrúar námsmannahreyfinganna í stjórn LÍN vonast eftir að frítekjumark námsmanna yrði sambærilegt en meirihluti stjórnar hafnaði því.

Grunnframbærsla námsmanna, sem byggð er á grunnviðmiði neysluviðmiða velferðarráðuneytisins, hækkar um aðeins 4% og er því enn of lág eða einungis 96% en ekki 100% af þessum grunnviðmiðum. Þá tekur húsnæðiskostnaður í úthlutunarreglunum mið af leiguverði á Stúdentagörðum, þó svo almennt leiguverð sé mun herra og einungis 9% stúdenta hafi aðgang að stúdentagörðum. Einstaklingur í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði mun því einungis fá 184.000 kr. á mánuði. Stúdentar eiga ekki að þurfa að setta sig við að fá framfærslu sem er undir framfærsluþörf.

Stjórn LÍN samþykkti að hækka framfærslu í 100% og einnig þá eðlilegu kröfu námsmanna að hækka ferðalán þeirra sem stunda nám erlendis, úr því að fá lánað fyrir einni ferð á námstíma, í eina ferð á ári. Mennta- og menningarmálaráðherra hafnaði því að staðfesta þær tillögur stjórnar fyrir námsárið 2018-2019. Samþykkti stjórn LÍN því nýjar úthlutunarreglur að tillögum ráðherra, þar sem m.a. ferðalán voru ekki hækkuð og framfærslan einungis hækkuð í 96%. Þá neitaði meirihluti stjórnar að hækka lán til skólagjalda þrátt fyrir að það liggi fyrir að þau dugi ekki í mörgum tilvikum.

Því ber þó að fagna að stjórn LÍN hafi samþykkt að endurskoða framfærslugrunn fyrir námsmenn erlendis. Treyst er á að haft verði samráð við fulltrúa nemenda þegar kemur að þeirri vinnu og að hún verði ekki einskorðuð við skoðun á því að lána í íslenskum krónum.

Þá vilja fulltrúar námsmanna einnig gera verulega athugasemd við vinnubrögð menntamálaráðherra í tengslum við úthlutunarreglurnar. Stjórn LÍN fékk innan við klukkutíma til þess að taka afstöðu til þeirra breytinga sem ráðherra vildi gera á tillögum stjórnar LÍN á úthlutunarreglunum. Það er í besta falli óeðlilegt að stjórn LÍN eigi að taka upplýsta ákvörðun og samþykkja þær reglur sem ákvarða kjör námsmanna, á sama tíma og þeim eru kynntar breytingartillögur frá ráðuneytinu, líkt og raunin var degi fyrir páskafrí.

***Fulltrúar námsmannahreyfinga í stjórn LÍN:***

***Hildur Björgvinsdóttir (SÍF)***

***Jóhann Gunnar Þórarinsson (SÍNE)***

***Ragnar Auðun Árnason (SHÍ)***

***Rebekka Rún Jóhannesdóttir (BÍSN)***